

Alþingi
Erindi nr. P 141/1134
komudagur 19.12.2012



Vestmannaeyjabær

Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vestmannaeyjum, 14. desember 2012
erindi nr. 201212039 FMR

Tilkynning um afgreiðslu á erindinu: Til umsagnar 290. og 291. mál frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Á 2944. fundi Bæjarráðs Vestmannaeyja þann, 13.12.2012, var erindið hér að neðan tekið til umfjöllunar og svohljóðandi bókun gerð:

Til umsagnar frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (hlutverk jöfnunarsjóðs) og frumvarp til laga um gatnagerðargjöld (framlenging á gjaldtökuheimildar) Óskað er eftir því að umsagnir berist eigi síðar en 14. desember n.k.

Bæjarráð gerir alvarlegar athugasemdir við þann skamma tíma sem Umhverfis- og samgöngunefnd gefur sveitarfélaginu til að veita umsögn um þessi mikilvægu mál en frestur til að skila inn umsögnum rennur út á morgun 14. desember. Umsagnir um mál sem þessi kalla á mikla og vandaða vinnu enda um að ræða mikilvægan tekjustofn íslenskra sveitarfélaga. Af þessum sökum getur bæjarráð ekki veitt umbeðna umsögn. Bæjarráð væntir þess að í framtíðinni muni þingnefndir alþingis vanda það til starfa sinna að sveitarfélaginu verði gefinn kostur á að rækja hlutverk sitt sem umsagnaraðili í samræmi við rannsóknarreglu stjórnslulaga þar sem skýrt er kveðið á um að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun sé tekin í því.

Afgreiðsla þessi er háð samþykki bæjarstjórnar, og verður yður tilkynnt tafarlaust ef hún breytist.

Virðingarfyllst,


Fjola Margrét Róbertsdóttir
Þjónustufulltrúi



RÁÐHÚSINU
902 VESTMANNÆYJUM
PÓSTHÓLF 60
SÍMI 488-2000
TELEFAX 488-2001
KENNITALA 690269-0159